



**Merkingar
fyrir slökkvibúnað
og björgunarsvæði**



Merkingar fyrir slökkvibúnað og björgunarsvæði

Litur merkis = **RAL 3000**



1. Aðkoma slökkviliðs

Merking á aðkomu slökkviliðs sem ekki má loka. Aðkoma og aksturleiðir að slökkvibúnaði, björgunar- og öryggissvæðum, innakstursdyrum o.fl.

2. Björgunarsvæði slökkviliðs

Merking á svæðum sem eru ætluð sem athafnasvæði slökkviliðs og ekki má nýta í annað.

3. Slökkvibúnaður

Merking á slökkvibúnaði þar sem aðrar merkingar nægja ekki. Handslökkvitæki, brunaslöngur og slökkvikerfi. Geymslustaðir fyrir slökkviefni eða búnað. Reyktjöld o.fl.

4. Reyklosun

Merking á reyklosunarbúnaði. Reyklúgur, blásarar og viðeigandi stjórnúnaður.

5. Stigleiðsla

Merking á röri til vatnsdælingar í stigahúsum. Merkja skal inntak fyrir slöngur slökkviliðs á jarðhæð og úttök á hverri hæð.

6. Vatnsúðakerfi

Merking á staðsetningu og búnaði úðakerfa þar sem aðrar merkingar nægja ekki. Stjórnúnaður, slökkvidælur, inndælingarstútar, viðvörunarbjöllur, prufulokar o.þh.

7. Slökkvikerfi

Merking á staðsetningu og búnaði slökkvikerfa þar sem aðrar merkingar nægja ekki. Stjórnúnaður, vélúnaður, slökkviefni og geymslur.

8. Aðrar merkingar

Merking á sérhæfðum búnaði eða svæði þar sem önnur skilti eiga ekki við. Hægt að setja sérhæfðan texta í samráði við **SHS**.

9. Aðkoma og upplýsingar slökkviliðs

i = Heimaáætlun og aðrar upplýsingar við inngang.

★ = Lykill í lyklaboxi sem varðlið kemst í.

1344 = **UN** númer yfirgnæfandi hættulegasta efnisins.

— = Eiturefnabúningur.

100 = Fyrsta rýming í metrum.

■ = Ekkert yfirgnæfandi hættulegt efni.

✘ = Engin rýming.

10. Búnaður vegna eldvarna



Stærðartafla fyrir merkingar

NR.	BREIDD CM	HÆÐ CM
1	8	8
2	12	12
3	16	16
4	20	20
5	24	24
6	28	28
7	32	32
8	36	36
9	40	40
10	48	48
11	60	60

NR.	BREIDD CM	HÆÐ CM
12	20	8
13	30	12
14	40	16
15	50	20
16	60	24
17	70	28
18	80	32
19	90	36
20	100	40
21	110	48
22	120	60

